

FUNDARGERÐ

181. stjórnarfundur KRAFT

181. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 4. nóvember 2025, kl. 20.00 í gegnum Google Meet

Fundarmenn: Alex, Aron Ingi, Elín, Ingimundur, Kristleifur, Laufey og Lára

Fjarverandi: Þórunn

Fundarritari: Laufey

1. Fundargerð frá síðasta stjórnarfund

Samþykkt.

2. Umsókn til Afrekssjóðs

Umsókn til Afrekssjóðs var send inn sl. laugardag. Afrekssjóður mun hafa samband ef eitthvað er óljóst eða þeim finnst vanta í umsókn. Bæði Lára og Aron Ingi hafa verið í sambandi við Kára Stein vegna nokkurra atriða.

3. Reglugerð um stigakeppni félaga

Var uppfærð fyrir stjórnarfund og breytingar samþykktar af stjórn. Uppfærð reglugerð tekur gildi 1. janúar 2026. Strax eftir stjórnarfund verður uppfærð reglugerðin sett á heimasíðu KRAFT.

4. Tæknimál og streymi

Kostnaður vegna mótahalds var ræddur (streymi og tölvumál). Gjaldkeri sýndi tölur yfir kostnað síðasta árs. Það þarf að lækka kostnað. Ýmsir kostir ræddir m.a. möguleikar á að tengjast útsendingum stærri félaga (KA TV o.fl.). Samþykkt að koma með þetta sem innlegg á formannafundi nk. fimmtudag.

5. Gagnabanki / tölvukerfi

Nútímavæða þarf kerfið hjá KRAFT þannig að gagnabanki og mótakerfi vinni saman. Í dag er þetta tvöföld vinna við að færa inn tölur frá mótum.

Samþykkt að Kristleifur, Ingimundur og Alex skoði og komi með tillögur og verðhugmyndir.

6. Formannafundur

Laufey hafði fyrir fund sent á stjórn glærur fyrir formannafund og renndi hún yfir þær. Rætt um nokkur atriði sem samþykkt var að taka fyrir á formannafundi.

7. Öldungar og alþjóðamót

Stjórn KRAFT samþykkti ný lágmörk öldunga. Einnig samþykkti stjórn að breyta fyrirkomulagi varðandi greiðslu á lyfjagjöldum og mótsgjöldum öldunga á alþjóðamótum. Hingað til hefur KRAFT borgað þau en vegna fjölgunar öldunga hefur þessi fjárhæð aukist (auk vegna dómara) og sambandið fær ekki styrk fyrir þeim. Stjórn samþykkti því frá með næsta ári að sambandið greiðir lyfjagjöld en keppendur sjálfir (öldungarnir) greiða mótsgjöldin. Frétt um lágmörk og lyfjagjöld / mótsgjöld verður sett á heimasíðu KRAFT.

8. Önnur mál

-

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

Fundi slitið kl. 22.00